

Félagsmálaráðuneytið
B/t Hæstvirts félags-og barnamálaráðherra, Ásmundar Einars Daðasonar
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Hæstvirtur ráðherra.

Í fyrirspurnartíma á Alþingi þann 11.02.2021 var óundirbúinni fyrirspurn beint til félags- og barnamálaráðherra sem varðar samningaviðræður Bláfugls og Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA). Fyrirspurnin byggði á málflutningi forsvarsmanna FÍA sem komið hefur verið á framfæri í fjölmiðlum að undanfögnu, málflutningi sem byggir á rangfærslum og villandi upplýsingum.

Að beiðni Ríkissáttasemjara hefur Bláfugl ekki tjáð sig opinberlega eða í fjölmiðlum um málið í fjölmiðlum, og hefur þ.a.l. ekki komið opinberlega á framfæri athugasemdam við málflutning FÍA. Í ljósi þess að málið er nú komið til umræðu á Alþingi, með formlegri fyrirspurn til hæstvirts ráðherra, þykir undirrituðum rétt að koma á framfæri við hann upplýsingum um málið og leiðréttu helstu rangfærslur í málflutningi FÍA.

Hjálögð er ítarleg greinargerð sem lýsir stöðu málsins frá sjónarhorni Bláfugls, en helstu atriðin eru eftirfarandi:

- 1) Frá því Bláfugl hóf flugrekstur, árið 2001 hefur flugmannahópur félagsins verið samsettur af launþegum og sjálfstætt starfandi flugmönnum. Frá upphafi hefur mikill meirihluti flugmanna félagsins verið sjálfstætt starfandi flugmenn. Þetta fyrirkomulag, sem byggir á samblandi verktaka og launþega, er vel þekkt og viðurkennt um allan heim í fluggeiranum. Bláfugl er ekki eina flugfélagið hérlendis sem notar þetta viðskiptamódel.
- 2) Starfsemi Bláfugls er í samræmi við öll lög og reglur sem um reksturinn gilda. Félagið hefur átt gott samstarf við opinbera aðila og eftirlitsaðila og mun gera það áfram. Þar á meðal er Vinnumálastofnun (VMST) sem gerði úttekt á starfsemi Bláfugls árið 2015, þá líka í miðri kjaradeilu. Þeirri athugun lauk án athugasemda VMST enda uppfyllir Bláfugl öll skilyrði laga og reglna í rekstri sínum. Tilefnið var sambærilegar umræður og finna má nú í málflutningi FÍA um „gerviverktöku“. Nú hefur VMST óskað sömu gagna og athugunin 2015 náði til.
- 3) FÍA er og hefur verið fullkunnugt um þetta fyrirkomulag, enda er fjallað um það með beinum hætti í kjarasamningi þeirra við Bláfugl, allt frá fyrsta samningi Bláfugls og FÍA en í samningnum frá 2018 segir: „Aðilar eru sammála um, að **ráðning eða leiga flugmanna til Bláfugls**, sem ekki eru félagar í FÍA...“.
- 4) FÍA virðist vilja afvegaleiða umræðuna nú með því að reyna að gera starfsemi Bláfugls grunsamlega og kallar hana jafnvel ólöglega, en eins og hæstvirtur ráðherra benti réttilega á hefur málið ekki ratað til dómstóla þrátt fyrir aðdróttanir FÍA.
- 5) Bláfugl hefur og er að leita eftir nýjum kjarasamningi við FÍA og vill áfram hafa í vinnu flugmenn sem eru félagar í FÍA. Þá hefur félagið lýst því yfir að það vilji fjölga þeim frá því sem nú er, náist nýr kjarasamningur um samkeppnishæf kjör. Fullyrðingar FÍA, um að

Bláfugl hafi sagst hér eftir eingöngu vera með sjálfstætt starfandi verktaka sem flugmenn, er röng. Það er yfirlýst stefna félagsins að hafa flugmenn á ráðningarsamningi.

- 6) Tap varð af rekstri Bláfugls 2019 (fyrir COVID-19) og 2020 – þrátt fyrir margar kostnaðaraðhaldsaðgerðir.
- 7) Þau samningsdrög sem Bláfugl hefur lagt fram myndu áfram tryggja að FÍA flugmenn yrðu meðal launahæstu hópa á Íslandi – með um 1.6M ISK í heildarkjör á mánuði – fyrir um 15 daga vinnuframlag.
- 8) Fullyrðingar um „stofufangelsi“ eru rangar. Um er að ræða svokallaða „split-duty“ vakt sem flugmenn taka og felur í sér hvíld í 8-10 tíma í Keflavík áður en seinni hluti vaktarinnar er tekinn – í sérsniðinni aðstöðu fyrir slíka hvíld.
- 9) Stjórnarformaður VMST, pólitískt skipaður, er meðlimur í FÍA og hefur að aðalstarfi að vera flugmaður/flugstjóri hjá Icelandair. Furðu vekur í því samhengi að í annað sinn í kjaradeilu milli Bláfugls og FÍA sé VMST kölluð til.

Í samningaviðræðum er gríðarlega mikilvægt að byggja á trausti og því hvar Bláfugl málflutning FÍA, þar sem farið er fram með rangfærslur í fjölmiðlum þvert á ósk Ríkissáttasemjara. Enn eru fyrirhugaðir fundir hjá Ríkissáttasemjara og mun Bláfugl halda þar áfram að leita eftir samningi sem tryggir samkeppnishæfni Bláfugls og góð og samkeppnishæf kjör fyrir flugmenn FÍA.

Virðingarfyllt,
Sigurður Ágústsson, forstjóri Bláfugls.